



LÖGMANNSSTOFA

Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á: steingrimur.aegisson@samkeppni.is og magnus.th.kristjansson@samkeppni.is

Reykjavík, 2. ágúst 2022

Efni: Kaup Ardian á öllu hlutafé í Mílu ehf. – Athugasemdir Ardian vegna fyrirspurna og umræðna á fundi Ardian og Samkeppniseftirlitsins þann 26. júlí 2022.

1 Inngangur

- (1) Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar fyrirhuguð kaup AB 855 ehf., eignarhaldsfélags í endanlegri eigu sjóða í stýringu Ardian France SA (hér eftir vísað til sem „**Ardian**“) á öllu hlutafé í Mílu ehf. (hér eftir vísað til sem „**Mílu**“) af Símanum hf. (hér eftir vísað til sem „**Símans**“).
- (2) Vísað er til fundar fulltrúa Ardian og Samkeppniseftirlitsins þann 26. júlí 2022 þar sem til umræðu voru athugasemdir og tillögur Ardian að skilyrðum í tilefni af andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins.
- (3) Með vísan til umræðna á téðum fundi og fyrirspurna af hálfu Samkeppniseftirlitsins um nánar tilgreind atriði í tengslum við fyrrgreindar tillögur Ardian og samrunamat málsins að öðru leyti, þá vill Ardian með bréfi þessu koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.
- (4) Tekið skal fram að í bréfi þessu er aðeins fjallað um atriði sem voru sérstaklega rædd á fundinum þann 26. júlí 2022. Að öðru leyti er vísað til annarra röksemda sem Ardian hefur sent Samkeppniseftirlitinu. Þá verða athugasemdir Ardian við umsagnir sem bárust Samkeppniseftirlitinu í markaðsprófi eftirlitsins sendar í sérstöku erindi.

2 Um ákvæði 10. og 11. gr. samkeppnislaga

- (5) Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að ákvæði heildsölusamningsins sem lúta að einkakaupum, þar með talið gildistími hans, séu til þess fallin að hamla samkeppni og útiloka keppinauta Mílu. Í andmælaskjali eftirlitsins kemur jafnframt fram það frummat að ekki fáist séð hvernig umræddur samningur geti verið samþýðanlegur 10. og 11. gr. samkeppnislaga.
- (6) Í þessu sambandi telur Ardian nauðsynlegt að benda á að einkakaupasamningar eru, sem slíkir, ekki taldir hafa það að markmiði að takmarka samkeppni. Þeir fara þannig ekki sjálfkrafa í bága við 10. og 11. gr. samkeppnislaga. Þess í stað er forsenda þess að umrædd ákvæði eigi við sú að slíkir samningar hafi samkeppnishamlandi áhrif í för með sér. Í því sambandi vísast meðal annars til eftirfarandi umfjöllunar í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008:

Áfrýjandi heldur því fram að mat á lögmæti einkakaupasamninga markaðsráðandi fyrirtækis sé þrjúþætt. Fyrst þurfi að sannreyna hvort viðkomandi samningur sé einkakaupasamningur. Síðan þurfi að kanna hvort hann hafi teljandi útilokunaráhrif í för með sér á viðkomandi markaði. Ef samningurinn hafi slík útilokunaráhrif þurfi síðan að meta hvort hann réttlætist af hlutlægum ástæðum. Áfrýjunarnefndin fellst á þessi sjónarmið með hliðsjón af þeim almennu rökum sem að framan er getið.

- (7) Í framangreindu felst að leggja þarf mat á einkakaupasamninga í viðtæku samhengi, svo sem í ljósi markaðstæðna, til þess að komast að niðurstöðu um það hvort þeir geti haft í för með sér samkeppnishamlandi áhrif.
- (8) Er þetta jafnframt í samræmi við evrópska dómaframkvæmd þar sem talið hefur verið, hvað varðar gildistíma slíkra samninga, að líta þurfi til þess hvað teljist eðlilegt á þeim markaði sem viðkomandi samningur tekur til. Sjá í því sambandi meðal annars dóm Evrópudómstólsins frá 28. febrúar 1991 í máli nr. C-234/89.
- (9) Mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið líti til þeirra breyttu aðstæðna sem einkenna þetta samrunamál í samanburði við fyrri mál þar sem talið hefur verið að einkakaupasamningar hafi farið í bága við ákvæði samkeppnislaga.
- (10) Í ljósi eignatengsla Símans og Mílu má færa rök fyrir því að verði ekki af viðskiptum þessum myndi það leiða til sömu eða verri niðurstöðu, í samkeppnislegu tilliti, en raunin yrði með heildsölusamningnum. Eins og stendur þjónar Míla um []¹ af innviðapörf Símans, hvað varðar magn og verðmæti keyptar þjónustu, og eru líkur á því að svo verði áfram raunin, óháð gildistíma samningsins. Ákvæði 10. og 11. gr. samkeppnislaga voru ekki samín með slík viðskipti í huga. Á meðan heildsölusamningurinn er tímabundinn og á mögulega eftir að sæta tíðri endurskoðun, þá er efnahagslegur hvati til þess að nota eigin innviði varanlegur og meira samkeppnishamlandi, í öllum meginatriðum, heldur en slíkur samningur.
- (11) Einnig skal áréttað, þegar lagt er mat á meint samkeppnishamlandi áhrif heildsölusamningsins, að þar sem sjálfstæð Míla hefur opinn aðgang að kerfum sínum og þjónustu og mun auka möguleika keppinauta Símans til þess að nota þjónustu sína – þar sem öll fjarskiptafyrirtæki hafa kost á þeim hagstæðu kjörum sem kveðið er á um í heildsölusamningnum – þá mun samkeppni á smásölumarkaði líkast til aukast í kjölfar viðskiptanna.
- (12) Enn fremur bendir Ardian á að án þeirrar verndar sem heildsölusamningurinn veitir, þá hefði Míla ekki hvata til þess að byggja upp ljósleiðaranet á svæðum þar sem aðeins eitt slíkt net er til staðar og þar með skapa valkost við Ljósleiðarann.
- (13) Áréttuð er í því sambandi yfirburðarstaða Ljósleiðarans, fyrirtækis undir opinberum yfirráðum, þegar kemur að aðgengi að fé, hvort sem er opinberu hlutafé eða lánsfé í krafti hins opinbera eignarhalds, en sem kunnugt er hefur ESA, eftirlitsstofnun EFTA, nú til skoðunar hvort Orkuveita Reykjavíkur, móðurfélag Ljósleiðarans, hafi veitt Ljósleiðaranum ívilnanir sem feli í sér brot á ríkisstyrkjareglum EES-samningsins.
- (14) Þá skal bent á að varnaðarorð keppinauta Mílu, þá einkum Ljósleiðarans, gegn viðskiptum þessum eru sett fram til þess að takmarka samkeppni frá Mílu. Hins vegar

¹ Áætlanir Mílu - TRÚNAÐARMÁL

er það ekki hlutverk Samkeppniseftirlitsins að vernda hið opinbera fyrirtæki Ljósleiðarann.

- (15) Leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um nauðsynlegar viðbótartakmarkanir gera beinlínis ráð fyrir því - í tilfellum þegar slitið er á eignatengsl tveggja fyrirtækja - að eins konar skilyrði séu sett í því augnamiði að tryggja kaupanda ákveðna vernd um verðmæti fjárfestingar sinnar þannig að viðkomandi viðskipti geti orðið að veruleika. Í því samhengi skal tekið fram að þótt fyrrnefndar leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar vísi til þess að almennt séu slíkar takmarkanir réttlætanlegar í fimm ár í kjölfar samruna þá þýðir það ekki að lengri tími geti ekki verið réttlætanlegur, heldur er gert ráð fyrir því í umræddum leiðbeiningum að annað geti átt við í sérstökum aðstæðum. Ardian telur að salan á Mílu - og þar með slit á eignatengslum milli Símans og Mílu - teljist í öllu falli til slíkra sérstakra aðstæðna. Í því samhengi verður að líta til þess að fjárfestingar í innviðum eru langtímafjárfestingar sem afskrifast á tuttugu til þrjátíu árum. Ný innviðafjárfesting krefst þess vegna langtímaskuldbindingar. Fyrrgreindar leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar eiga við um annars konar fjárfestingar, í öðrum geirum, þar sem ekki er fjárfest til áratuga.
- (16) Þá telur Ardian að jafnvel þótt tímalengd heildsölusamningsins teldist fara gegn 10. gr. samkeppnislaga þá væri efni samningsins réttlætt á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga. Ljóst er að tímalengd og efni samningsins er nauðsynlegt til þess að af þessum viðskiptum geti orðið og að skilyrði 15. gr. samkeppnislaga væri því uppfyllt, enda myndi hagræðið af því að slíta á eignatengsl milli Símans og Mílu vega upp öll möguleg samkeppnishamlandi áhrif. Um frekari umfjöllun um tímalengd samningsins í samhengi við leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnarinnar um nauðsynlegar viðbótartakmarkanir og 10. og 15. gr. samkeppnislaga vísast til athugasemda vegna umsagnar Fjarskiptastofu frá 2. maí sl., einkum málsgreinar 46 – 50.
- (17) Það er heldur ekki að ástæðulausu að samningar á milli heildsala og smásala í fjarskiptum, þegar um er að ræða sölu fjarskiptainnviða, eru nær undantekningarlaust til lengri tíma, eins og sjá má á yfirliti því sem fylgir bréfi þessu um tímalengd samninga í sambærilegum innviðaviðskiptum og hér um ræðir.
- (18) Samkeppnisyfirvöld hafa viðurkennt að fjarskiptageirinn, líkt og aðrar netgreinar (e. *network industries*) sé afar fjármagnsfrekur og reiðir sig í miklum mæli á sokkinn kostnað. Fjárfesting af þessu tagi gerir það að verkum að fyrirtæki (bæði á efra og neðra sölustigi) þurfa að gera langtímasamninga til þess að verja fjárfestingu sína sem og getu sína til þess að viðhalda fjárfestingum. Á þetta hefur verið bent í nokkrum skýrslum og ákvörðunum af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (hér eftir vísað til sem „**framkvæmdastjórnar ESB**“).² Taflan hér að neðan sýnir nokkur dæmi um þetta í tengslum við samninga um samnýtingu neta:

² Sjá til dæmis skýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá 2017 – *Economic impact of competition policy enforcement on the functioning of telecoms markets in the EU*: <https://ec.europa.eu/competition/publications/reports/kd0417233enn.pdf>.

Jurisdiction	Year of Agreement	Passive; Active; or Spectrum	Duration	Mobile Network Operators
Germany	2009	Passive	10 years	Vodafone Germany / Telefonica
Denmark	2011	Spectrum	20 years	TeliaSonera Denmark / Telenor Denmark
Greece	2013	Active	15 years	Vodafone Greece / Wind Hellas
Spain	2006	Active	10 years	Vodafone Spain / Orange Spain
	2009	Passive		Vodafone Spain / Telefonica
Ireland	2009	Passive	10 years	Vodafone Ireland / Hutchison (3)
	2011	Passive	19 years	Hutchison (3) / Eircom
	2012	Passive		Vodafone Ireland / Hutchison (3)
Poland	2011	Active	15 years	T-Mobile (PTC) / P4 (Play)

**heimild: Ex Post Economic Evaluation of Competition Policy: The EU Experience (Dierx and Ilzkovitz (eds); mai 2020)*

(19) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og önnur evrópsk samkeppnisfyrirvöld hafa lagt mat á ólíkar tegundir af langtímasamningum í samrunamálum – á ólíkum mörkuðum – og hafa viðurkennt að langtímasamningar geti reynst nauðsynlegir. Sjá í því sambandi eftirfarandi:

- a) **CMA (UK) – Cellnext / CK Hutchinson (2022)**: Bresk samkeppnisfyrirvöld töldu að á markaðinum fyrir aðgang að þróuðum stærri sendastöðum og viðbótarþjónustu til farsímanetsrekenda (e. *market for the supply of access to developed macro-sites and ancillary services to MNOs*) „*customers typically sign up to long-term (around ten to 20 years) framework contracts which provide certainty to customers on the price and service levels they are likely to receive for both their existing and any additional tenancies they may require over the term of the agreement. In return, long-term contracts provide suppliers with predictable, committed revenues for the duration of the contracts*” (áherslubreytingar undirritaðra).
- b) **Commission – Vodafone Italia / TIM / INWIT JV (2020)**: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í máli þesu mat á áhrif samruna á markaði fyrir aðstöðuleigugjöfnustu til farsímanetsrekenda (óvirkir fjarskiptainviðir) og tók fram að „*the long duration of the framework contracts is likely to offer adequate protection vis-à-vis any worsening of terms and conditions for hospitality services*” (áherslubreytingar undirritaðra).
- c) **CCPC (Ireland) – Phoenix Towers / Eir (2020)**: Við mat á þjónustusamningi í tengslum við hýsingarþjónustu (e. *hosting of telecommunications equipment on the passive infrastructure*), viðbótarþjónustu (e. *ancillary services, e.g.*

preventative and corrective maintenance) og staðaraðgang, þá benti írski samkeppniseftirlitið á að félögin myndu hvorki hafa hvata né getu til þess að útiloka aðra frá markaðinum. Ástæðurnar voru sagðar þær að (i) félögin myndu hafa skýran hvata, sem sjálfstæð fyrirtæki, til þess að tryggja að innviðirnir væru notaðir á eins skilvirkan hátt og mögulegt væri til þess að fá arð af fjárfestingunni og (ii) farsímanetsrekendurnir sem nota innviðina væru afar reynslumikilir kaupendur að innviðabjónustu.

- (20) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tekið fram að í atvinnugreinum sem lúta ströngu regluverki, líkt og í fjarskiptageiranum, þá vegi sú staðreynd að sumir hlutar markaðarins séu háðir *ex-ante* kvöðum upp á móti samkeppnislegum áhyggjum sem stafa af viðskiptum og samþjöppun á markaðinum í heild sinni.³
- (21) Í nokkrum ákvörðunum í samrunamálum á fjarskiptamarkaði hefur framkvæmdastjórn ESB bent á að hún muni aðeins einblína á *merger-specific* breytingar. Í einni ákvörðun segir til dæmis að „*the merged entity will lack any ability or incentive to foreclose competing providers of wholesale access services, because the Transaction does not bring about any meaningful change in the market*“.⁴ Í þessu sambandi skal áréttað að Ardian telur að samkeppnisaðstæður (e. *competitive structure*) muni ekki breytast í kjölfar samrunans í ljósi þess að viðskiptasamband Símans og Mílu mun að mestu leyti haldast óbreytt frá því sem nú er.

3 Álitaeftir um „ensk ákvæði“

- (22) Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að tiltekin ákvæði heildsölusamningsins, nánar tiltekið gr. 4.4.3-4.4.5 og gr. 5.5., feli í sér svonefnd „ensk ákvæði“ (e. english clause). Slík ákvæði séu í eðli sínu samkeppnishamlandi og stuðli að samhæfingu keppinauta.
- (23) Ardian er ósammála því að umrædd ákvæði samningsins séu „ensk ákvæði“ í samkeppnisréttarlegum skilningi.
- (24) „Ensk ákvæði“ fela það í sér að kaupanda er skylt að tilkynna birgi um betri tilboð sem honum kunna að berast og meina honum að ganga að slíku tilboði nema viðkomandi birgir kjósi að gera honum ekki jafngott tilboð. Eru slík ákvæði talin sérstaklega samkeppnishamlandi þegar kaupandi þarf að upplýsa birgi um hvaða fyrirtæki gerði hagstæðara tilboðið. Jafnframt má færa fyrir því rök að samkeppnisvandkvæði stafi af slíkum ákvæðum þegar upplýsa þarf birgi um það verð sem keppinautarnir bjóða.
- (25) Umrædd ákvæði heildsölusamningsins sem Samkeppniseftirlitið vísar til í andmælaskjalinu gera hins vegar ekki ráð fyrir slíkri upplýsingagjöf af hálfu Símans. Þannig þarf Síminn aðeins að upplýsa Mílu um að betra tilboð hafi borist án þess að tiltaka fjárhæðir tilboðsins og frá hverjum það stafar. Þessi takmarkaða upplýsingagjöf frá kaupanda til birgi verður að teljast venjubundin í viðskiptum og er til þess fallin að halda birgi á tánum og vega gegn verðhækkunum. Er það að mati Ardian eðlilegt og til

³ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 8. október 2018 í máli M.8842 – Tele2 / Com Hem Holding: https://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/decisions/m8842_457_3.pdf.

⁴ Sjá í því sambandi til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 18. júlí 2019 í máli M.8864 – Vodafone / Certain Liberty Global Assets: https://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/decisions/m8864_7363_3.pdf.

þess fallið að stuðla að aukinni samkeppni að fá fyrirtæki til þess að keppa sín á milli og bjóða betur, svo fremi sem ekki sé upplýst um raunverulegt tilboð.

- (26) Grundvallaratriðið er það að Símanum er hvorki skylt að upplýsa Mílu um fjárhæð hagstæðara tilboðsins né hver hafi staðið að tilboðinu. Þegar af þeirri ástæðu telur Ardian að ákvæðin feli ekki í sér „ensk ákvæði“ í skilningi leiðbeiningarreglna framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um lóðrétt samninga.
- (27) Loks þarf að hafa í huga að Míla er bundin af því að veita viðskiptavinum sínum kjör á jafnræðisgrundvelli auk þess sem regluverk fjarskiptaréttar setur Mílu skorður þegar kemur að verðlagningu á þjónustu félagsins. Tilvitnuð ákvæði heildsölusamningsins, sem Samkeppniseftirlitið telur að feli í sér „ensk ákvæði“ í samkeppnisréttarlegum skilningi, hafa það að markmiði að tryggja tiltekið samkeppnislegt aðhald, þannig að Síminn kalli jafnan í umræddum tilvikum eftir því hvort Míla kjósi að endurskoða verðtilboð ef aðrir hafa boðið betur. Við það endurmat hlýtur Míla að horfa til framangreindra takmarkana hvað varðar forsendur verðlagningar og vera við því búin að rökstyðja að endurmetið tilboð byggji á eðlilegum rekstrarlegum forsendum. Framangreindar aðstæður og skilmálar eru til þess fallnar að eyða mögulegri áhættu af því að keppinautar Mílu verði útilokaðir frá umræddum viðskiptum við Símann í skjóli tilvitnaðra ákvæða.

4 Um hugmyndir að baki „Backbone Alliance“

- (28) Að frummati Samkeppniseftirlitsins er hættu á því að eftir samrunann verði samkeppnisaðstæður með þeim hætti að „verulega auknar líkur“ séu á því að keppinautar samhæfi aðgerðir er varða rekstur gagnaflutningskerfa. Samruninn geti þannig mögulega haft skaðleg áhrif á samkeppni á milli þeirra aðila sem eftir standa vegna aukins hvata og möguleika á samhæfðum aðgerðum. Í því sambandi vísar Samkeppniseftirlitið til svonefnds „Backbone Alliance“-bandalags, þ.e. hugmynda um mögulegt samstarf fjarskiptfélaga fyrir meðal annars gagnaflutning um stofnlínur.
- (29) Í fyrsta lagi skal tekið fram að Ardian telur að allar hugmyndir um framtíðaráætlanir, sem felast í auknum viðskiptum Mílu á heildsölumarkaði fjarskiptaþjónustu, sem kynntar hafa verið af ráðgjöfum Símans undir nafninu „Backbone Alliance“, séu óviðkomandi samrunamáli þessu.
- (30) Í öðru lagi telur Ardian að áhyggjur Samkeppniseftirlitsins af mögulegu samstarfi fjarskiptafélaga í kjölfar samrunans séu byggðar á ákveðnum misskilningi á þeim hugmyndum sem liggja „Backbone Alliance“ hugmyndinni til grundvallar.
- (31) Eins og áður hefur verið áréttað, þá er „Backbone Alliance“ í reynd rangnefni, enda er engra samtaka eða samhæfðra aðgerða að vænta, ef hugmyndir þessar verða nokkurn tímann að veruleika. Þvert á móti lýsir hugmyndin mögulegum framtíðaráætlunum um aukin viðskipti Mílu á heildsölumarkaði fjarskiptaþjónustu sem væri, ef af yrði, til þess fallið að stuðla að stóraukinni samkeppni.
- (32) Hugmyndin hér að baki byggist á þeirri einföldu staðreynd að ef Míla verður í sjálfstæðu eignarhaldi, þá hafi önnur fjarskiptafélög en Síminn meiri hvata til þess að eiga í viðskiptum við Mílu. Með breyttu eignarhaldi á Mílu eykst þannig samkeppni á fjarskiptamörkuðum, neytendum til heilla.

- (33) Hugmyndin um Mílu, sem sjálfstætt innviðafélag, óháð markaðsaðilum, felur í sér tækifæri til þess að nýta innviði, eignir og rekstur félagsins enn betur. Sjálfstætt innviðafélag vill gera meira á fjarskiptamarkaði fyrir fleiri aðila. Sú þróun hefur jafnframt átt sér stað í fjarskiptageiranum á alþjóðavísu að auka samnýtingu með það að markmiði að draga úr heildarkostnaði við eignarhald á netum. Sú hugmynd sem hér er fjallað um er eitt af þeim tækifærum til þess að nýta betur innviði og eignir – og skapa þar með hagræði – sem dregið var fram í söluferlinu á Mílu.


5 Aðgangur að stofnneti Mílu

- (34) Hvað varðar stofnnet Mílu, þá skal tekið fram að þar sem Míla er með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum að mati Fjarskiptastofu lýtur Míla kvöðum stofnunarinnar.
- (35) Með nýjum fjarskiptalögum nr. 70/2022 er aðgangur og jafnræði tryggt. Ef Míla telst vera með umtalsverðan markaðsstyrk á einhverjum mörkuðum mun Fjarskiptastofa leggja kvaðir á félagið til þess að tryggja aðgang og jafnræði.
- (36) Nýju fjarskiptalögin byggjast á löggjöf Evrópusambandsins vegna skuldbindinga Íslands í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
- (37) Aðgangur að stofnneti Mílu lýtur þannig regluverki fjarskiptaréttarins og ber Mílu þegar skylda til þess að tryggja jafnræði, gagnsæi og aðgang fyrir öll fjarskiptafélög. Míla getur af þeim sökum ekki takmarkað aðgang eða misnotað stöðu sína á stofnnetismarkaði og öll fjarskiptafélög hafa fullan aðgang, á jafnræðisgrundvelli, að stofnneti Mílu á grundvelli fjarskiptalöggjafar. Því til viðbótar hafa íslensk stjórnvöld samið við Ljósleiðarann um afnot af tveimur þráðum í ljósleiðarastreng Atlantshafsbandalagsins en sú ráðstöfun, sem Ardian telur að Samkeppniseftirlitið þurfi að líta til við greiningu sína, er til þess fallin að auka samkeppni á umræddum markaði.
- (38) Að framangreindu virtu telur Ardian að frekari skilyrði, hvað stofnnet Mílu varðar, séu ekki réttlæt看leg.

6 Aðgangur að heimtauganeti Mílu

- (39) Eins og fram kemur í athugasemdum Ardian við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dagsettu 15. júlí 2022, samanber málsgrein 35, þá er Ljósleiðarinn leiðandi á markaði fyrir ljósleiðaraheimtaugar til heimila og þá sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, með tengingar við nær öll heimili á svæðinu.
- (40) Af þeim sökum telur Ardian enga þörf á því að Mílu sé gert að veita Ljósleiðaranum frekari aðgang að heimtaugum sínum, enda myndi það skapa Ljósleiðaranum sérlega ósanngjarnt forskot í samkeppninni.

Virðingarfyllst,



Fjölur Ólafsson lögmaður



Lára Herborg Ólafsdóttir lögmaður

Fylgiskjal:

1. Yfirlit yfir viðskipti og þjónustusamninga í tengslum við fjarskiptainnvíði
(TRÚNAÐARMÁL).